

Þingflokksfundur Pírata

Miðvikudaginn 13. september 2017 kl. 13:00 - 15:00

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eva Pandora Baldursdóttir, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir,

Nr. 1/147

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð tveggja þingflokksfunda frá 11. september 2017 samþykkt. JÞÓ gerir athugasemd við orðalag bókunar á fyrri fundi.

2. Dagskrá og þingvakt

Umræða um stefnuræðu forsætisráðherra. Lagt til að BJ, ÞSÆ og EPB flytji ræður fyrir hönd Pírata. Samþykkt. Rætt um fyrirkomulag á eftirfylgni með framkomnum þingmálum. Viðvera ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum ekki ljós. ERR hefur samband við þingfundaskrifstofu. BLG, BJ og ÞSÆ hafa áhuga á að flytja fyrirspurn. Rætt um framkomnar munnlegar fyrirspurnir til ráðherra.

3. Bréf þingflokksformanns

Upplýsingar um stöðu mála í upphafi þingvetrar.

4. Formaður Pírata

Halldóra Mogensen var valin formaður Pírata með hlutkesti.

5. Kynning frá VIRK

Beiðni frá VIRK um að halda kynningu fyrir þingmenn. HM lýsir yfir áhuga. Áætlað að halda fund fyrstu vikuna í október.

6. Beiðni um áheyrn að þingflokksfundum frá UP

Fjallað um áheyrnarbeiðni ungra Pírata að þingflokksfundum. Þingflokksfundum samþykkt um áheyrn aðildarfélaga hefur tekið gildi. Samþykkt að senda öllum aðildarfélögum eintak af samþykktinni.

7. Trúnaðarmál sbr. a-lið 4. gr. þfl.samþykktar nr. 2/2017

8. Orkusjóður

Tölvupóstur frá Valorku vegna löggjafar um Orkusjóð. Fjallað um galla í lögum í tölvupóstinum. SMC og ERR munu bera ábyrgð og svara erindinu.

9. Föstudagsfundir

Lagt til og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að halda óformlega þingflokksfundum annan hvern föstudag milli kl. 10 og 14.

10. Framkvæmdir við Vonarstræti 8 (JPÓ)

Upplýsingar til þingmanna um framvindu á framkvæmdum við Vonarstræti 8. Samþykkt að fara fram á við skrifstofu Alþingis að hávaðasömum framkvæmdum verði beint utan þess tíma sem starfssemi er í húsinu.

11. Önnur mál

Framkvæmdaráð (PSÆ)

Samþykkt að samfagnast með nýju framkvæmdaráði 22. september.

Borgarafundur á Ísafirði (EPB)

ÁGH og EPB fara fyrir hönd Pírata.

Varaþingmenn (BJ)

Farið yfir dagskrá næstu vikna með tilliti til setu varaþingmanna.